

**213. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 7. nóvember 2023 og hófst hann kl. 15:15.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Kristjánsdóttir deildarstjóri farsældarþjónustu fullorðinna og Sólveig Sigurðardóttir deildarstjóri farsældarþjónustu barna.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Árnadóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**2. 2212095 - Flóttamenn - staða flóttafólks á Akranesi**

Þann 26. október sl. barst erindi frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála þess efnis að til standi að vinna úttekt á samræmdri móttöku flóttafólks að beiðni félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Er markmið úttektarinnar að kanna hvort móttakan sé í samræmi við lög, reglur, þjónustusamninga og kröfulýsingu um þjónustuna.

Er undirbúningur þegar hafinn á velferðar- mannréttindasviði.

*Lagt fram til kynningar.*

**3. 2303099 - Dalabyggð- beiðni um framkvæmd og rekstur á barnaverndarþjónustu**

Drög að samningi, milli Akraneskaupstaðar og Dalabyggðar vegna framkvæmdar barnaverndarþjónustu, lagður fram.

Í þessum samningsdrögum hefur verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem fram komu á fundi bæjarráðs þann 14. september sl.

*Velferðar- og mannréttindaráð fjallaði um framlögð samningsdrög og beinir því til sviðsstjóra að samningurinn verði sendur til yfirlstrar í Mennta- og barnamálaráðuneyti.*

**1. 2301023 - Fundargerðir 2023 - notendaráð um málefni fatlaðs fólks**

16. fundargerð notendaráðs frá 27. apríl 2023.

17. fundargerð notendaráðs frá 1. nóvember 2023.

*Lagt fram.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30.**

Kristinn H. Sveinsson  
Einar Brandsson  
Aníta Eir Einarsdóttir

Sólveig Sigurðardóttir  
Sveinborg Kristjánsdóttir  
Hildigunnur Árnadóttir

[Faint, illegible text, likely bleed-through from the reverse side of the page.]

[Handwritten signature in blue ink, partially obscured by a horizontal line.]

Kristján H. Jónsson  
 Tíveit  
 [Handwritten signature in blue ink]